



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1322

FUNDARBOÐ

**1322. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í fjarfundi,
24. nóvember 2020 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2010266 - Sementsreitur - gjaldskrá

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember sl. tillögu skipulags- og umhverfissráðs um að gjaldskrá gatnagerðargjalda við Sementsreit verði 25% hærri en almenn gatnagerðargjaldskrá Akraneskaupstaðar að undanskildum gjaldflokki um einbýlishús.

Bæjarráð vísar ákvörðuninni til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

2. 1910114 - Endurskoðun reglna um úthlutun lóða

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember sl. breytingar á reglum um úthlutun lóða. Breytingarnar eru gerðar til samræmis við nýja gjaldskrá gatnagerðargjalds á Akranesi.

Bæjarráð vísar reglunum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

3. 2001243 - Endurgreiðsluhlutfall vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar

Erindi frá Brú lífeyrissjóði vegna endurgreiðsluhlutfalls vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.

4. 2001138 - Höfði - endurbætur 2020

Bæjarráð tók fyrir erindi Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis um endurbætur á 2. hæð á fundi sínum þann 27. október sl.

Bæjarráð telur ekki forsvaranlegt að fara í verkefnið án nýrrar umsóknar miðað við þær breyttu forsendur sem blasa við eftir endurskoðun kostnaðaráætlunar. Knýjandi þörf er á endurbótum en fjárhagslegt umhverfi sem ríkisvaldið hefur búið sveitarfélaginu sem rekstraraðila þjónustu þessara málaflökks sem er í raun alfarið á ábyrgð ríkisins að veita.

Bæjarráð samþykkti að standa straum ad fyrirbyggjandi hönnunarkostnaði en sú fjárfesting mun nýtast verði sótt um að nýju á næsta ári er opnað verður fyrir umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 30 og vísaði viðaukanum til bæjarstjórnar til endanlegrar

samþykktar. Ráðstöfuninni verði mætt með lækun á handbæru fé.

5. 2002322 - Námsleyfi í leikskólum

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum úthlutun vegna náms starfsmanna leikskólanna í leikskólakennarafræðum. Afgreiðslu vísað til bæjarráðs sem samþykkti viðauka nr. 31 vegna þessa og vísar viðaukanum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

6. 2009128 - Reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti á 135. fundi sínum þann 16. september 2020 fyrirbyggjandi drög að reglum Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrk fyrir börn á tekjulágum heimilum og vinnulag vegna úthlutunar. Ráðið tók málið einnig fyrir á 140. fundi sínum þann 18. nóvember 2020 og samþykkti tillögu að breytingum sem sneru að umsóknarferlinu.

Reglurnar eru byggðar á samþykkt ríkisstjórnarinnar sem í fjárukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins. Samþykkt var 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir.

Reglur Akraneskaupstaðar eru í samræmi við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins um úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Bæjarráð samþykkti reglunar á fundi sínum þann 20. nóvember og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.

7. 2011215 - Breyting á fundartíma bæjarstjórnar

Vegna breytinga á tímaáætlun fjárhagsáætlunarinnar þarf að færa til fyrirhugaðan fund bæjarstjórnar þann 8. desember nk.

Gert er ráð fyrir að aukafundir verði í bæjarstjórnar Akraness þann 1. og 15. desember og að fundurinn þann 8. desember falli niður.

Fundargerðir til kynningar

8. 2001002 - Fundargerðir 2020 - Bæjarráð

3435. fundargerð bæjarráðs frá 12. nóvember 2020.

3436. fundargerð bæjarráðs frá 15. nóvember 2020.

3437. fundargerð bæjarráðs frá 16. nóvember 2020.

3439. fundargerð bæjarráðs frá 20. nóvember 2020.

9. 2001005 - Fundargerðir 2020 - Skipulags- og umhverfisráð

180. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 16. nóvember 2020.

10. 2001004 - Fundargerðir 2020 - Skóla- og frístundaráð

147. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 19. nóvember 2020.

11. 2001003 - Fundargerðir 2020 - Velferðar- og mannréttindaráð

139. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 11. nóvember 2020.

140. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 18. nóvember 2020.

12. 2001014 - Fundargerðir 2020 - Faxaflóahafna

199. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 13. nóvember 2020.

13. 2001015 - Fundargerðir 2020 - Orkuveita Reykjavíkur

293. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 24. ágúst 2020.

294. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 28. september 2020.

295. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 5. október 2020.

296. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 26. október 2020.

Sævar Freyr Þránínsson, bæjarstjóri.